

Hafi launþegi fengið greitt svonefnt „sérstakt gjald“ eða „torfærugjald“ á árinu 1995 fyrir akstur (eigin) ökutækis síns má hann hækka fjárhæð frádráttar, kr. 33,54, fyrir hvern ekinn km sem hann fékk greiddan skv. „sérstöku gjaldi“ um kr. 5,11 og skv. „torfærugjaldi“ um kr. 15,59, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

### 3.2.0. Fæðisfrádráttur.

#### 3.2.1. Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.

Launagreiðendur sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi kr. 389 fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds.

*Reykjavík, 4. janúar 1996.*

**Snorri Olsen** ríkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá nr. 243/1989 fyrir heilbrigðiseftirlit á Hafnarfjarðarsvæði.

#### 1. gr.

Með gjaldskrá nr. 243/1989 komi ný flokkun eftirlitsskyldra fyrirtækja eftir umfangi og gerð samkvæmt ákvæðum 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölul. 2. gr. laga nr. 81/1988, sbr. 2. gr. gjaldskrárinnar í samræmi við fylgiskjal með auglýsingu þessari.

#### 2. gr.

Breyting þessi, sem samin er af svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Hafnarfjarðarsvæði og samþykkt af hlutaðeigandi sveitarfélögum, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## Fylgiskjal.

**Flokkun eftirlitsskyldra fyrirtækja eftir umfangi og gerð samkvæmt ákvæðum  
7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölul. 2. gr. laga nr. 81/1988:**

1. flokkur	2. flokkur	3. flokkur	4. flokkur	5. flokkur
Bensínstöðvar (án neysluvörusölu)	Fangageymslur	Ísbúðir	Sundlaugar	Kjörbúðir
Búsáhaldaverslanir	Smurbrauðsstofur	Sumarhótel	Skemmtistaðir	Stórmarkaðir
Byggingavörverslanir	Veitingastofur (>50 gestir)	Matvöruverslanir (minni háttar)	Matvöruverslun með minniháttar vinnslu	Mjólkurstöðvar
Véla- og varahluta-verslanir	Félagsheimili (veitingasala)	Brauðgerðarhús	Veitingahús	Neysluvöruframleiðsla (meiri háttar)
Blómaverslanir	Tómstundamiðstöðvar	Sælgætisgerðir	Mötuneyti (> 100 manns)	Annar sambærilegur rekstur
Leikfangaverslanir	Sælgætisverslanir	Framleiðsla hreinlætisvara	Hjúkrunarheimili	
Leikskólar án mötuneyta	Leikskólar með eldhúsi	Framleiðsla snyrtivara	Sjúkrahús/Dvalarheimili	
Sumarbúðir/sumardvalarheimili	Brauð- og kökusala	Annar sambærilegur rekstur	Veislueldhús	
Ljósastofur	Mötuneyti (<100 manns)		Veitingaverslun	
Snyrtistofur	Frystigeymslur		Veitingahús	
Snyrtivöruverslanir	Matsöluvagnar		Skyndibitastaðir	
Hársnyrtistofur	Fiskverslanir		Pitsugerðir	
Læknastofur	Heilsuræktarstöðvar		Neysluvöruíðnaður	
Sjúkraþjálfun (minni háttar)	Sjúkraþjálfunarstöðvar		Tækifærisveitingar (mót, sýningar o.þ.h.)	
Tannlæknastofur	Læknastöðvar		Vinnuheimili	
Neysluvörusala (minni háttar)	Íþróttahús		Annar sambærilegur rekstur	
Torgsala	Leiktækjasalur			
Gufubaðstofur	Knattborðsstofur			
Samkomustaðir (minni háttar)	Heildverslanir með neysluvörur			
Tækifærisveitingar	Gistiheimili			
Veitingar (minni háttar)	Neysluvöruíðnaður (minni háttar)			
Vörugeymslur	Orlofsheimili			
Íþróttavellir	Annar sambærilegur rekstur			
Leikvellir				
Gistiheimili (sumar gisting)				
Tjaldsvæði				
Fiskvinnsla án mötuneytis				
Heildverslanir með hreinlætis- og snyrtivörur				
Annar sambærilegur rekstur				